

Fundargerð

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa - 458. fundur

haldinn í fundarherbergi Norðurhelli 2,
30. apríl 2013 og hófst hann kl. 13:15.

Fundinn sátu:

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi, Málfríður Kristjánsdóttir, Brynjar Rafn Ólafsson og Þormóður Sveinsson.

Fundargerð ritaði: Bjarki Jóhannesson.

Dagskrá:

A-HLUTI - BYGGINGARLEYFI

Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010

1 1304475 - Furuás 12, Umsókn um byggingarleyfi, steiptir veggir úti/lóð

23.04.13 sækir Hildur Guðmundsdóttir um steipta veggi úti á lóð skv. teikningum Bjarna Snæbjörnssonar dagsettar 13.03.13.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði 1-4 liðar 13. greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt.

13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:

1. Mannvirkid og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.

2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.

3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.

4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.

2 1304483 - Íshella 8, breyting

Promens Tempra sækir 24.04.13 um leyfi fyrir skorsteini á NA gafli. Samkvæmt teikningum Gunnlaugs Björns Jónssonar arkitekts dags: 28.06.07.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við mannvirkjalög nr. 160/2010.

B-HLUTI – SKIPULAGSERINDI

Til kynningar í Skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn Hafnarfjarðar skv. *Samþykkt um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagsserindum*, sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 9.ágúst 2005.

3 1304508 - Sólvangssvæði norður, fyrirspurn

Höfn -öldrunarmiðstöð leggur 26.04.13 inn fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi á Sólvangssvæði norður.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar erindinu til skipulags- og byggingarráðs.

4 1304499 - Daggarvellir 4, breyting á lóð

Skarphéðinn Rósenkjær f.h. Húsfélagsins að Daggarvöllum 4 óskar með bréfi dags. 22.04.13 eftir að breyta grasbletti í bílastæði.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar erindinu til skipulags- og byggingarráðs.

5 1304494 - Kelduhvammur 20, Merki

Alda Finnbogadóttir sækir 24.04.13 um leyfi fyrir merki fyrir fatlaðstæði. Númer bílsins er LJ M59

Sérmerkingar innan lóðar eru ekki leyfisskyldar og eru á kostnað húseigenda, en þurfa samþykki húsfélags.

C-HLUTI – ERINDI SEM ER FRESTAÐ EÐA SYNJAÐ

Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010.

6 1304470 - Dalshraun 3, breyting

Reitir I ehf sækir 23.04.13 um leyfi á breytingu á innra skipulagi og fyrirkomulagi á 1,2,3,4 og 5. hæð vegna nýrra notenda. Samkv. teikningum Baldurs Óla Svavarssonar dagsettar: 31.10.2007

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu þar sem innsend gögn eru ófullnægjandi. Sjá meðfylgjandi athugasemdir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

**Bjarki Jóhannesson (sign)
Þormóður Sveinsson (sign)**

**Málfríður Kristjánsdóttir (sign)
Brynjar Rafn Ólafsson (sign)**